

Reglur Dalabyggðar um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum á haustönn 2021

1. gr. Tilfni

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþróttá- og tómstundastarfs, sbr. fjárákálög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr. 158/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr. Inntak styrkveitingar

Fyrir 31. desember 2021 skal greiða íþróttá- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2006 til 2015 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 787.200 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júní 2021, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþróttá- og tómstundastarf á skólaárinu 2021 allt að kr. 25.000 fyrir hvert barn.

Íþróttá- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi. Um skilgreiningu á íþróttá- og tómstundastarfi fer eftir reglum Dalabyggðar um frístundastyrki: *Hægt er að nýta styrkinn í skipulagt frístundastarf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, skátastarf og annað reglubundið frístundastarf. Einnig má nýta hann fyrir*

- 1) íþróttá- og tómstundanámskeið barna í leikskóla, 1. og 2. bekk. (íþróttaskóla)
- 2) nám í tónlistarskóla sem er samfellt í amk 8 vikur
- 3) árskort eða 3 mánaðakort í líkamsræktarstöðvar eða sund.

3. gr. Umsókn

Íþróttá- og tómstundastyrkur skv. 2. gr. er greiddur samkvæmt umsókn.

Umsækjandi sækir um almennan frístundastyrk sveitarfélags með því að skila viðeigandi upplýsingum í lokuðu umslagi á skrifstofu Dalabyggðar að Miðbraut 11, 370 Búðardal fyrir 15. desember 2021. Í umslaginu þurfa að vera:

- Útfyllt umsókn sem hægt er að nálgast á heimasíðu Dalabyggðar og einnig á skrifstofu sveitarfélagsins.
- Yfirlit tekna foreldra/forráðamanna fyrir tímabilið mars til júní 2021, hægt er að kanna tekjur á þjónustusíðu RSK.
- Gögn um kostnað umsækjanda við íþróttá- og tómsundastarf barnsins á skólaárinu 2021.

4. gr.

Málsmeðferð

Félagsþjónusta sveitarfélagsins mun fá gögnin til yfirferðar og staðfestingar.

Ef umsækjandi á rétt á styrk skv. reglum þessum þá verður hann greiddur út fyrir 31. desember 2021. Sé styrkupp hæðin ekki nýtt til fulls skal ávallt fullnýta fyrst almennan styrk sveitarfélagsins.

Farið verður með allar upplýsingar samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærheimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um sérstaka íþróttá- og tómsundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2021, öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi xx. nóvember 2021.